

Ársskýrsla Foreldrafélags Naustaskóla skólaárið 2009-2010

september 2010

Stofnun Foreldrafélags Naustaskóla

Á fundi þann 29. október 2009 var stofnað Foreldrafélag Naustaskóla. Markmið félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Í stjórn félagsins voru kjörnir eftirtaldir:

Elísa Tryggvadóttir - formaður elisatrygg@gmail.com

Vaka Óttarsdóttir - ritari vaka@mentor.is

Jón Stefán Baldursson - gjaldkeri jonstefan@simnet.is

Ásdís Arnardóttir - meðstjórnandi disasello@gmail.com

Hrafnhildur Örlygsdóttir - meðstjórnandi.. hraforly@simnet.is

Varamenn: Heiðrún Ósk Steindórsdóttir og Erla Rán Kjartansdóttir

Á fundi þann 13. maí 2010 óskaði Elísa eftir að víkja úr stjórn vegna barnsburðar. Ásdís tók við formannsembættinu fram að aðalfundi.

Starf Foreldrafélagsins

Starf Foreldrafélagsins þetta fyrsta starfsár fólst í að styðja við og efla þann góða anda sem við öll viljum að ríki í Naustaskóla.

Foreldrafélagið beitti sér fyrir virkni í samstarfi foreldra og skólasamfélags og stóð fyrir kosningu bekkjarfulltrúa. Á vetri komandi óskar foreldrafélagið eftir því að bekkjarfulltrúar sendi þeim dagskrá vetrarins fyrir 1. október og vill með því beita vissu aðhaldi og vonandi efla bekkjarstarf.

Foreldrafélagið hvetur sem flesta foreldra um að vera virka í skólastarfinu og gjarnan koma á framfæri hverskyns hugmyndum sem efla mega skólaandann og bæta nýtingu húsnæðisins. Gaman væri að áhugamál foreldra fengju farveg í skólanum og óskum við hér með eftir hugmyndum hvers konar. Það er von Foreldrafélagsins að skólinn verði ekki bara skóli, heldur líka hverfismiðstöð.

Bekkjarfulltrúar

Bekkjarfulltrúar í Naustaskóla 2009-2010 eru eftirfarandi:

Helga Jónasdóttir	1.b	helgaj03@ru.is
Ingibjörg Þorvaldsdóttir	1.b	bogga@port.is
Aðalbjörg Guðný Árnadóttir	1.b	adalarna@simnet.is
Anna Rut Jónsdóttir	2.-3.b	annarutjonsdottir@gmail.com
Sunna Guðmundsdóttir	2.-3.b	sunnag@akmennt.is
Guðni Bjarnar Guðmundsson	2.-3.b	jonko@simnet.is
Fjóla Björk Karlsdóttir	2.-3.b	fjolabjork@simnet.is
Ásdís Birgisdóttir	2.-3.b	asdisb@vma.is
Herdís Anna Frifinnsdóttir	4.-5.b	herdis@inn.is
Hanna Birna Sigurbjörnsdóttir	4.-5.b	hannabirna@talnet.is
Valgerður Dögg Jónsdóttir	4.-5.b	vala@vma.is
Sigríður Magnúsdóttir	6.-7.b	siggamagg@akmennt.is
Guðbjörg Ósk Hjartardóttir	6.-7.b	sardinan@simnet.is
Jóhanna Sigmarsdóttir	6.-7.b	josasigmars@gmail.com

Foreldrafélagið vekur athygli á mjög ójafnri kynjaskiptingu meðal bekkjarfulltrúa og einnig í stjórn foreldrafélagsins. Við hvetjum karlmenn eindregið til að vera virkari á þessum vettvangi og bendum á að rannsóknir sýna að líðan drengja almennt í skólakerfinu er verri en stúlkna. Þátttaka feðra í foreldrastarfi skóla gæti vafalítið haft góð áhrif á líðan drengjanna í skólanum.

Gjafir og stuðningur Foreldrafélagsins á árinu 2009-2010

Foreldrafélagið innheimti félagsgjöld og vill með þeim styðja við hvers kyns félagsstarf innan skólans.

Foreldrafélagið studdi skólabúðarferð 4. bekkjar að Kiðagili um 10.000 krónur.

Foreldrafélagið styrkti einnig Vorhátíð skólans fyrir 22.078 krónur.

Foreldrafélagið stefnir að því að kaupa borðtennisborð en skortir fjármagn. Við hvetjum alla til að greiða félagsgjöld þessa árs fljótt þegar þar að kemur svo að þetta borð megi verða að veruleika sem fyrst.